Ég benti á það þá, að með þessum ráðstöfunum væri brotið blað í efnahagssögu landsins. Fram að þeim tíma hafði framleiðslan farið vaxandi, verðlag haldist stöðugt í tvö og hálft ár, sparnaður aukist mikið, greiðsluafgangur verið á ríkisbúskapnum, hægt að lækka skatta og tollaálögur árlega nokkuð. Togaraútgerðin stóð á hinn bóginn höllum fæti og hefði þurft að gera nýjar ráðstafanir til viðbótar þeim, sem áður höfðu verið gerðar til stuðnings henni, þótt ný hækkunaralda hefði ekki verið reist. En allt hefði það venð viðráðanlegt og tiltölulega létt samanborið við það, sem nú liggur fyrir.

*pví*

Eiður: ..... sjálfsagt er nú ekki fótur fyrir, en það væri gaman að fá svar yðar við því, að það ætti að fjölga stjórnarflokkunum og bjóða Alþýðubandalaginu aðild að ríkisstjórn.

Forsætisráðherra: Það er kveðið á um það í alþingiskosningum, hvaða stjórnarstefnu eigi að fylgja, og síðustu alþingiskosningar sögðu til um það, hvaða flokkar skyldu fara með völd í landinu á næstu árum. Mér myndi auðvitað verða það mikil ánægja, að Alþýðubandalagið vildi slást í fylgd með okkur - auðvitað að því áskildu, að þeir félust þá á þá stefnu, sem kjósendiur ákváðu 1963 að fylgt skyldi.

Eiður: Teljið þér nokkrar horfur á því?

Forsætisráðherra: Um það geta aðrir betur sagt en ég.

Andrés: En ef við horfum nú svolítið lengra fram í tímann, forsætisráðherra, til dæmis til kosninganna. Teljið þér, að eftir kosningar kæmi til greina fjögurra flokka stjórn eða þjóðstjórn um stöðvun verðbólgunnar til dæmis?

Forsætisráðherra: Kosningarnar verða að segja til um það, hvernig stjórnarmyndum verði háttar að þeim loknum, og flokkarnir auðvitað ganga hver með sína stefnuskrá til kosninga og það s...? mat á kosningaúrslitum, sem segir til um það, hvaða úrræði eigi að hafa. Ég hef takmarkaða trú á þjóðstjórn nema alveg sérstaklega standi á, og ég hygg, að sú sé *mið* reynslan viðast. Það getur vel orðið þannig, að eðlilegt sé að koma á þjóðstjórn á Íslandi, en ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að þegar menn eru að tala um stöðvun verðbólgunnar og lausn hennar í eitt skipti fyrir öll, þá er þar um draumsýn að ræða vegna þess, að vandamálin eru svo flókin, og verða svo viðvarandi, að ef á að hindra það, að þau komi upp aftur, ja þá yrði þjóðstjórn að vera að eilífu. Og þó að ég haldi mikið upp á stjórnarandstæðinga, þá efast ég nú um ~~sam~~ samlyndið hjá okkur til lengdar, þó að okkur geti vafalaust komið saman um að leysa tiltekin vandamál, ef þjóðarbörf krefur.

Andrés: En yrði það ekki alltaf meginverkefni og sígilt verkefni  
ríkisstjórnar að hafa hemil á verðbólgunni?

Forsætisráðherra: Jú, jú.

Eiður: Ef við víkjum að lokum stuttlega að utanrikismálum.....

Magnús Kjartansson à Alþingi  
15. des. '68.

a NIF þurfinn semnarlega ekki at  
blögðast okkar i samanburði við  
áðra fyrir þá eftirlagsskrónum. Þau  
hér hefur verið a' undanforsunum  
íðætugum. Og efnaþeagslega  
séit eru við betur til ~~fest~~  
farir til þess en með því  
sinni fyrst at kátask í ný  
verkefni.

Fjórviljan 31. des. '66  
"Hengum hættir einum við því á finnum  
þegar birkar og eru ekki eins með aingulan  
og endur með at tigna við líðlegslegum  
við horfum og helstu eltar óber aftur við.  
En einstaklinum sem sökkva sér við  
í feilika sungrum fa at sameggja  
þórr hevðum spæti at fáð stórar leiti  
at eingott þeimum ef með fyrirvara sín  
sínum."

Sp. 11. maí '65.

6.

stefnu. Þuda hefur hún lánað öðrum þjóðum sjálfan efna hagsráðunactinn. I stað þess létur hún reka á reiðanum og siller þjóðfélagðegar aðgerðir hennar bera svip af handahófi, ráðaleysi og ringúlseið og það er vist þetta stjórnleysi, sem mælgögug stjórnarsinna kalla frelsi.

Ol. Þórhallsson

Auðvitað hljóta margir fylgismenn ríkisstj. að hafa gert sér ljóst fyrir löngu, f hvert ófni stefnir. En þeir hafa sjálfsagt mærgir hverjir lífað í þeirri von, að ríkisstj. teki sig á og hafa sagt eins og maðurinn: Kannske Eyjólfur hressist, en nú hlýtur sá vonarneisti óðum að vera að kulna, því að Eyjólfur hefur bara alit af hrakað. Vf xlspor ríkisstj. hafðorðið a fleiri og sterri. Polinmaði manna hlýtur því að vera á þrotum og trú á því, að nokkurra nýrra raunhæfrahárræða sé að vanta af núv. ríkisstj., mun orðin næsta fágæt.

Framundan er ný og geigvænleg verðbólguðalda. Núv. stjórn hefur tvísvær gripið til gengisfellinga, f fyrra skiptið var hún óþarflega mikil og xi siðara skiptið algerlega óþörf. Nú óttast margir og ekki að ástæðulausu, að ríkisstj. muni grifpa til þriðju gengisfellingarinnar á komandi hausti. Vegna þess, send me undan er gengið, g dugða því miður ekki yfirlýsingar hæstv. forsrh. hér í gengi gerkvöldi til að eyða þeim grunsemdum. En verði þriðja gengismiðfellingin framkvæmd, stti mæririnn að vera fulur. En hvæð sem er um það, er hitt ~~fullvfst~~, að gengi ríkistj. er sílækkandi. Eg fm ekki betur sér en núv. ríkisstj. sé eins og a flóttta, a flóttta frá upphaflegri stefnu, a flóttta frá aðkallandi vandamálum, a flóttta fyrir stjórnarandstöðunni, sem þratt fyrir allt og sem betur fer hefur getað sveigt ríkisstj. til fylgis við ~~hon~~.

Björn Ólafsson

Sesij  
Björn 1 -

RS

Nd. 12. des. 1966.

25. f. h.

74. mál Nd.

Verðstöðvun, frv. 2. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti.

Það er með verðbólguna eins og syndina, flestir kvarta undan henni, en nærrí því enginn gerir nokkuð á móti henni. Ástæða er til að ætla að flestum veggjum sámilega vel í sambúð við hana. Öllum þykir minni verðbólga en eru vera til góðs, en enginn vill eða getur borgað það sem ~~verð~~ myndi kosta, af því að menn grunar að hinir séu ekki fúsir til að gera ~~þessu~~ af sinni hálfu. Af því leiða breytingar á samningum, sem ákafir bardagamenn gegn verðbólgunni standa fyrir, menn sem ~~götu~~ fyrst undir kostnaðarverðbólguna og búast síðan skjaldbrynu móti tilfánnanlegum aðgerðum af hálfu ríkis og stjórnmálamanna.

Afleiðing af öllu þessu eru sú, að sjaldan er gripið til verulega áhrifamikilla ráða gegn verðbólgu nema mjög mikil efnahagsvandamál blasi við, eins og gjald-eyrisskorturinn nú í Englandi eða vegna þess að erfitt er að selja framleiðsluvörur erlendis, af því hún er orðin of dýr í samkeppni við aðra vörur. [ Petta sem ég hefi nú sagt, gátum við íslendingar sennilega vel tekið undir allir, ef við vildum segja okkar hug eins og hann er, en petta er ~~vitað~~ af sanskum fræðimanni og er birt í síðasta hefti af "Nordisk kontakt" og lýsir ástandinu í Svíþjóð að því barna er sagt.

15  
X

gera ekki neitt, sem eyðileggi þá viðleitni, sem hér er höfð uppi til þess að ráðavíð það vandamál, sem við ná erum sammála um, a.m.k. í orði kveðnu, að leysa þurfi.

Loks vil ég gefa þá afdrættarlausu yfirlýsingu út af síðustu fsp. hv. 5. þm. Vestf., að núv. ríkisstj. kemur ekki til hugar að fella gengið. Það er að vísu rétt, að pannig getur staðið á í þjóðfélagi, að það sé nauðsynlegt að falla gengi, eins og dæmin ~~mi~~ sýna bæði hér og annars staðar. Og það verði auðvitað alveg fásinna, ef ég ætlaði að segja, að aldrei kemmi til mála að falla gengi á Íslandi. Slikt mun ég ekki segja einfaldlega af því, að ég reð því ekki, og það mundi enginn maður trúa mér. Hitt segi ég og við það skal ég standa, að ég skal aldrei verða með gengislékkun framar, nema því aðeins að ráðstafanir verði gerðar til þess, að þeir, sem ~~þ~~ til sér að knýja fram gengkslékkun til þess að græða að henni sjálfir, fái að borga sinn brúsa fyllilega.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð með 29 shlj. atkv.

Umr. frestað til kl. 9.00.

Sþ. 9. desember 1964  
17 5

J

39. mál, Sþ.

Verðtrygging sparifjár, báltill. - Fyrri umræða.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, 3. þm. Reykvs., hafa þessar ðúmr. að ýmsu leyti verið athyglisverðar, höf-samari og skynsamlegri heldur en oft má heyra um þessi mál hér í þingsölunum. Vil ég þó ekki neita því, að mér fannst einkanlega í seinni huta ræðu ans sjálfss nokkuð hinn gamli Adam stinga upp hausnum og við því er kannske ekki mikið að segja. Hans ræða var einnig eins og fyrri ræður manna mjög athyglisverð. En ein-mitt vegna þess að hér hefur verið um að ræða málefna-legar aths., vildi ég leggja nokkur orð í belg.

Hv. 5. þm. Austf. varpaði fram þeirri spurningu, sem vissulega hlýtur að vakna í huga manna, þegar við hugleiðum þennan verðbólguvanda. Hvernig stendur á því, að verðbólgan skuli vaxameira á Íslandi heldur en í nágrennalöndum, þegar innfluttar vörur eru jafn mikill hluti af lífskostnaði manna hér á Íslandi og raun ber vitni um og þær hafa ekki hækkað til jafns við hin-ar innlendu vörur og jafnvel lækkað, eins og hv. þm. sagði. Og ég hygg, að það sé óvífengjanlegt og liggi í augum uppá, að þar sem íslendingar eiga meira undir utanríkisviðskiptum, bæði í innflutningi og útflutn-

ingi, heldur en allar aðrar þjóðir, þá er þessi spurning, sem hv. 5. pm. Austf. parna varpaði fram fyllilega íhugunarverð. Og ég verð að játa, að ég hef reynt að velta ~~þ~~ þessu fyrir mér sjálfur, reynt að sprýrja aðra, heyra á skýringar manna og ég hef ekki fengið á þessu fullnægjandi svör. Hv. 5. pm. Austf. segir: Það hlýtur að vera vegna þess, að ~~þ~~ ymiss konar milliliðakostnaður, hann notaði ekki það orð, en ~~þ~~ ymiss konar milliliðakostnaður er meiri hér heldur en annars staðar og hv. pm. gerir aths., ef það er ekki í stuttu máli þarna tekið fram hans hugsun, og þá á hann við bæði milliliði af fyrirtækjum og af hálfu ríkisins og þau bankanna með peirra vöxtum. Nú skulum við aðeins íhuga þetta. Er það rétt, að álagning verzlana hér sé meiri heldur en annars staðar. Það er ~~alveg~~ fullyrt, ekki einungis af kaupmönnum, heldur líka af samvinnufyrirtækjum og hafa ekki verið færð rök þar í gegn, að álagning í verzlun sé hér yfirleitt lægri heldur en annars staðar, enda er það svo, að hér eru eftir verðlagshömlur, sem viða annars staðar er búið að afnema. Og afleiðing alls þessa er sögð sú, að álagning hér sé minni. Það getur þess vegna ekki verið þessi álagningarkostnaður, sem oftast er átt við, þegar talaðer um milliliði, sem hér skilur á milli. Hv. pm. sagði enn-fremur: Ríkið eða hið opinbera tekur til sín meiri hlut hér heldur en annars staðar. Eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, held ég, að þetta fái ekki staðizt. Ég held, að opinber gjöld ~~g~~ og þá sé tekio tillit bæði til gjalda, sem ríkið innheimtir, sveitarskjóðirnir innheimta og almennar tryggingar, sé sízt meiri og yfirleitt lægri heldur en í öðrum Vestur-Evrópulöndum.

það sé kankske einhver sambærileg, en mörg sér mur hærri og Ísland er þar áreiðanlega í lægri kantinum.

Svo að það fær ekki staðizt, að það sé vegna óhæfilegra álagna af hálfu ríkisins, sem ~~pessi~~ tilkostnaður hér virðist vaxa meir heldur en víða annars staðar. Það er annað atriði og má segja, að það komi ekki þessu atriði beint við, en ég vil þó aðeins víkja að, að menn hafa sagt: Það ber ekki að þakka það, þó að álögur á Íslandi sér ekki meiri en annars staðar vegna þess að við sleppum við herkostnað. Þetta er út af fyrir sig rétt, að við sleppum við herkostnað og hann er verulegur hluti útgjalda flestra, annarra ríkja.

En við verðum gegn því að minnast þess, sem e.g. hygg, að sé e.t.v. stærsti pátturinn í því vandamáli, sem við eigum við að etja og meginorsökin, að ríkisútgjöldin hér og ~~þau opinberu~~<sup>að menn</sup> útgjöld eru sambærileg~~z~~ að hæð við það, sem annars staðar tiðkast. Vegna þess að okkar litla þjóðfélag í þessu nokkuð stóra landi <sup>við</sup> getum sagt mjög stóra landi ~~í~~ miðað við okkar fámenni, krefst svo mikils kostnaðar umfram það, sem aðrar þjóðir fjölmennari og þéttbýlli purfa að leggja hlutfallslega á sína borgara, ~~það~~, að við höldum uppi sérstöku ríki, að við höldum uppi byggð um allt okkar stóra land þann hluta, sem byggilegur er, með þeim mikla tilkostnaði, sem því er samfara, gerir það að verkum, að okkar tilkostnaður hlýtur eðli málssins samkv. að verða hlutfallslega miklu meiri en annarra og mundi verða svo mikill, ef við hefðum herkostnað einnig, að hann yrði okkur nánast óviðráðanlegur. Pess vegna er það eðliklegt, að þarna sé tiltölulega meiri kostnaður, sem ríkið verður undir að standa, ~~opinberir~~<sup>og afm</sup> aðilar heldur en annars ~~Finkaskjalasafn Bjarna Berndikssonar@ Borgarskjalasafn Reykjavíkur~~

pess, sem hv. 5. þm. Austf. undraði sig á, að þjóðartekjur á mann skyldu vera hér nokkuð sambærilegar við það, sem er annars staðar, en kjör manna þó rýrari.

Nú veit ég ekki, hvort fullar ~~tölur~~, tölulegar heimildir liggja fyrir um það, að okkar þjóðartekjur á mann séu alveg sambærilegar við það, sem annars staðar er né heldur hvort raunveruleg lífskjör hér eru lakari heldur en annars staðar er. Ég mundi segja, að í stórum dráttum ~~er~~<sup>sein</sup> lífskjör á Íslandi nokkuð sambærileg við það, sem víðast er í Vestur-Evrópu. Og t.d. í miklum hluta Norðurlanda, ég vildi segja, Finnlandi, Noregi, jafnvel Danmörku, þó að Svíþjóð sé þar mun fremri. En út af fyrir sig væri það ekkert óeðlilegt, þó að þessi tilkostnaður, sem stafar af því að halda uppi jafn litlu þjóðfélagi, bara það að halda uppi jafn litlu þjóðfélagi, en þegar það er gert í jafnstóru landi, þó að það kami einnig fram í því, að meiri hl. af þjóðartekjunum fari í suðinn, ef svo má segja hér, án þess að koma fram í beinum tekjum, notkunartekjum til handa hverjum einstökum, þó að meira fari í suðinn í okkar þjóðfélagi heldur en annars staðar. Ég hygg, að það sé eðlilegt og hljóti svo að vera, að alveg eins og tilkostnaðurinn verður meiri fyrir ríkið sjálft, þjóðfélagið í þess sameiginlega búi, verður tilkostnaðurinn fyrir rekstur einkafyrirtækjanna hlutfallslega meiri heldur en annars staðar. Þetta er að vissu leyti sama hugsunin, eins og hv. 3. þm. Reykv. drap á hér og hefur oft talað um ella, að auðvitað er hægt að reka eitt stórfyrirtæki skynsamlegar og ódýrar skulum við segja, sleppum skynseminni úr því, ~~er~~ hægt að reka það ódýrar ~~hér~~ heldur en ótal mörg smáfyrirtæki dreifð um allt landið með þeim mikla

tilkostnaði, sem því svarar. Hitt vil ég svo leggja  
 áherzlu á og beini því ekki síður til hv. 3. þm. ~~þRx~~  
 Reykv. heldur en 5. þm. Austf., að óhnekkjanleg rök  
 eru til fyrir því, að hluti verkalýðsins í þjóðartekj-  
 unum, sem hafa mjög farið vaxandi síðustu ár, hefur í  
 stórum dráttum ekki haggazt og það er algerlega vill-  
 andi, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að raunverulegar  
 tekjur verkamanna væru nú 10% minni heldur en voru  
 1945. Það eru tilbúnar tölur og ímyndaður útreikningur  
 sem getur átt sér stað í reikniheila en ekki hjá þeim,  
 sem þekkir íslenzkt þjóðfélag, sem kemst að þessari  
 niðurstöðu. Það er kannske hægt, eins og ég segi, að  
 taka eitt dæmi og reikna út frá því, en lífið sjálft  
 er allt öðru vísni og það vitum við. ~~Þ~~ Stórum drátt-  
 um er það þannig, að verkalýðurinn, ~~þær~~ launastéttirna  
 hafa fyllilega fengið sinn hlut af vexti þjóðartekn-  
 anna. Petta hefur nokkuð sveiflazt lítillega frá ári  
 til árs ~~nokkuð~~ á milli stétta, en í heild hafa þær  
 fyllilega haldið sínum hlut. Það er svonað ~~annat~~, að ~~þær~~  
 þarna kemur inn í vinnutími og margt fleira, sem þarf  
 að bæta og óheppileg vinnubrögð og ýmislegt slikt. Það  
 er annað mál. En þegar á heildina er litið, hafa þess-  
 ar stéttir ekki orðið afskiptar og það má ekki halda  
 halda áfram að þylja mjög svo villandi tölur í þessu  
 hér á Alþingi og allra sízt ~~íxxxí~~ í málfnalegum umr.,  
 þar sem menn eru að reyna að leita lausnar á verulegu  
 vandamáli, vandamáli, sem hv. 4. þm. Reykn. alveg rétti-  
 lega sagði, ~~at~~, allar ríkisstj. hafa verið að glíma við  
 ja, hann sagði frá stríðslokum, það er hægt að segja.  
 alltfrá frá því 1940 a.m.k. og því miður, enginn hefur  
 fundið fullnægjandi ráð við. ~~og er~~ <sup>þær</sup> vegna ~~þess~~ mjög  
 ánægjulegt ~~en~~ skilast, að mann tali um betta hér  
 Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

öfgalaust og reyni að gera sér grein fyrir, hvers eðlis þessi vandi er og af hverju okkur gengur verr heldur en ýmsum öðrum, ekki heldur en öllum öðrum, en okkur gengur ver heldur en ýmsum öðrum að ráða við þetta. Það eru ýmsar þjóðir, sem gengur enn þá verr að ráða við vandann og það eru ekki nóg, eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði, þó að einhver ríkisstj. ákveði, ~~ja~~, nú ætli hún t.d. með yfirlýsingu, sem eigi vil segja og er sammála hv. 3. þm. Reykv. um það að falla ~~skilta~~  
 slikein allsherjar verðtryggingu eins og hér er verið að tala um ~~það~~ <sup>það</sup> jafngildi í raun og veru yfirlýsingum, um, að það verði að stöðva verðbólguna. En það er bara ekki á valdi neinnar ríkisstj. að gefa þessa yfirlýsingu eða standa við hana, hvorki hér á Íslandi né annars staðar og hvorki í hinum vestræna lýðræðisheimi né hinum austræna skipulagningardeimi, sem hv. <sup>sæt oft</sup> 3. þm. ~~einnig~~ vitnar til, að það sé hægt að ráða við allt með ~~kkp~~ skipulagsbúskap. Þetta fær heldur ekki staðið. Hv. 3. talar oft um það og það er talað um það í hans málögnum, að í hinum austrænu ríkjum séu allar kreppur úr sögunni. Pessu var hægt að halda fram áður, en það tjáir ekki að halda því fram

10  
9. des. 1964.  
Sþ. 17. f. e

EEA

~~Pessu var hægt að halda fram áður, en tjaír ekki~~  
~~að halda því fram núna.~~ Hv. þm. talaði réttilega um þá miklu kreppu, sem við allir hugsum ~~me~~ til með hryggjik hryllingi, sem átti sér stað hér á árunum 1930 til 1940. Og við þurum ekki að fara út í orsakir hennar, þær eru minnst Íslendingum að kenna. Það var afleiðing, sem gerðust annars staðar, þó að okkur gengi ekki betur en öðrum að ráða við það fyrirbæri, sem við áttum við að etja. En þó að ástandið væri ~~íkkix~~ illt á Íslandi, og við ~~mískirkj~~ minnumst hér enn þúsund <sup>a</sup>latvinnuleysingjum, sem þá þurfti að bjarga og hugsa um að hefði í sig eг á yfir vetrarmánuðina t.d. á fyrstu árum þess, þegar ég var í bæjarstjórn Reykjavíkur og kynntist þessum málum vel.

En þó að það gengi illa hér, þá var það þó hátfið við þá kreppu, sem gekk yfir í Rússlaadi. Þá var borið á móti því, en nú er játað af öllum, að þá drápust menn þar, fengu að deyja drottni sínum margar millj. ef ekki milljónatugir manna í mestu akuryrkjuhérudum Evrópu. Það er hægt að láta ~~xeins~~ og þetta hafi ekki verið kæppa. Auðvitað var þetta það freklegaðsta form af kreppu, sem heimurinn hefur séð um okkar daga. Alveg eins og þau efnahags-vandræði, sem hafa verið í Rússlandi síðustu árin ~~það~~ eru auðvitað sízt auðveldari þ viðureignar eða hefur þeim gengið betur að ráða við þau heldur en okkur hefur gengið á Íslandi. Eg man ekki, hvort það hefur verið sagt frá því, áður þegar Krúsheff

M  
E

aldrei þessu vant kallaði á sendiherra Íslands fyrir sig, Pétur Thorsteinsson, þegar hann var að flytjast frá Moskvu til Bonn. Það var ljóst af öðru, ég skal ekki fara í það, en Krúsheff vildi koma vissum skilaboðum áleiðis til hinna þýzku valdháfa, Láta sendiherran <sup>m</sup> sem fór þarna á milli vera undir tilteknum áhrifum um hvaða fyrirætlunar væru í huga Rússa.

Nú þá sagði Krúsheff, "Ja, það er aðeins eitt, sem okkur hefur ekki tekizt að ráða við, og það er landbúnaðurinn. Okkur hefur mistekizt það, en ~~atlun~~ in er, að nú skal úr því bætt." Krúsheff er fallinn meða vegna þess að honum tókst ekki að ráða við vandamál landbúnaðarins austur í Rússlandi, en vandamálið er enn óleyst. Það getur verið, að þeim hafi þar heppnast að ráða við verðbólgunu betur en okkur, en þeim hefur þá ekki tekizt að ráða við önnur vandamál efnahagslífsins jafnvel og okkur og öðrum vestrænum þjóðum. ~~Dannig að~~ <sup>þessi vandi,</sup> ~~þó að~~ hann sé mikill, ~~hann~~ hvílir ekki eingöngu á okkur. Það er ~~akkssxtaðakxxix~~ allsstaðar við að etja, og verðbólguvandan hefur hvergi tekizt að leysa nema þar sem heppnast hefur að koma á fullkomnum skilningi allra aðila þjóðfélagsins á því, að verðbólgunu yrði að stöðva. Þetta hefur okkur ekki tekizt á Íslandi, og ráða hv. 3. þm. Reykva, sem að því leyti var fyllilega máleznaleg og mjög þörf og ég vil segja hugrókk hugvekja um gæðin, sem eru samfara verðbólgunni, er ein skýringin á því, að okkur hefur ekki tekizt að ráða við þennan vanda. Það er einfaldlega vegna þess, að það eru líka við gæði verðbólgunni.

12

3

unni samfara, annað hvort raunveruleg gæði eða m.  
k. í mynduð gæði. Og það eru svo margir aðilar í  
þjóðfélaginu, sem hafa talið sig hafa hag af henni,  
við getum sagt innan allra stéttu, að það hefur  
gert þessa baráttu miklu örðugri heldur en ~~hella~~,  
<sup>mu</sup>  
en <sup>L</sup>játa menn, eins og hv. 3. þm. Reykj. gerði, ~~at~~  
nú er komið svo langt, að fótum verður við að spyrna,  
Og ég tel einmitt, að þessar umr., sem hér hafa  
orðið, séu ánægulegt vitni þess, að menn f alvöru  
og án flokkstogstreitu án þess að kenna hverjum <sup>of man</sup>  
um, eiss og er svo alltaf auðvelt, en er gersamlega  
þýðingalaust, vilja hugleiða þessi mál. Og þá er  
sjálfsgagt að taka af alvöru þátt í þeim umræðum,  
og reyna að velta fyrir sér vandanum og átta sig  
á í hverju hann raunverulega er fólginn.

Ja, <sup>V</sup>arðandi vextina og varðandi verðtrygginguna,  
~~þ~~ hafa þm. bæði hv. 5. þm. Austf. og hv. 3. þm.  
Reyk., vakið alveg réttilega athygli á því, að þar  
~~hagix~~ hangir auðvitað alveg saman, og sérstaklega  
3. þm. Reykj. vakti alveg athygli á því. Nú, ~~H~~ann  
sagði: "Í þeim ráðagerðum, sem nú eru uppi að láaa  
viss húsnæðisláu með lægri vöxtum en ella gegn  
verðtryggingu, þá eru vextirnir of hár." ~~J~~á þetta  
er alltaf matsatriði. En ég vek athygli á því, að  
þær er þó um stórkostlega lækkun vaxta að ræða frá  
því, sem verið hefur. Og sú vaxtalækkun getur ekki,  
eins og nú horfir, staðist nema því aðeins, að verð-  
bólguáhættan sé lögð á lántakendurna. Þetta sjálf-  
sagða samhengi vildi hins vegar 1. þm. Austf. ekki  
fallast á á dögunum, þegar þetta mál varð rætt,

einfaldlega vegna þess, að hann vildi þá ekki ~~xá~~  
ræða málid mállefna lega, heldur var í þeim striðs-  
ham, sem mikið af umr. hér á þingi eiga sér stað í.

En hv. 3. þm. Reykv. viðurkenndi alveg samhengið  
þarna á milli, og það eru ~~auðsæ~~<sup>tt</sup> og óhjákvæmileg~~d~~  
samhengi þarna á milli. Og meðan verðbólgan heldur  
áfram, og meðan jafnmikið er keppt eftir framkvæmdum  
vegna þeirrar svipu, sem hv. 3. þm. Reykv. talaði  
um, þá eru þessir háu vextir, eða við skulum segja  
~~þa~~ eru háir vextir óhjákvæmilegir til þess bæði að ~~míkkum~~  
vernda sparifjáreigendur að verulegu leyti, og  
til þess að hamla á móti alveg trylltum fjárfestingum.  
Að verðbólguvöxturinn yrði ennþá meir ~~hxá~~ hraðfara.  
Það er viðurkennt nú af öllum, að hann sé of hrað-  
fara, ef á vaxta hæðinni yrði slakað. Hins vegar ef  
þarna tekst að koma á raunhæfri stöðvun, þá er tíma-  
bært, og þá eru ~~ágxh~~ hygg ég allir sammála um, að  
það verði að lækka vextina, og sé sjálfsgagt að gera  
það. En þá verður að vera komið nokkurt stöðvunar-  
tíma mil, og þannig að menn hafi trú á því, að um  
virkilega stöðvun sé að ræða, og vaxtalækkunin ýti  
ekki undir nýtt kappalækkun. Þetta eru engin ný  
sannindi, sem ég er hér að segja, en ég vildi þó  
að ~~míkkum~~ minni hálfu taka þátt í þessum umr. einmitt  
vegna þess, að mér viðust þær vera mállefna legri  
heldur en flestar umr. um þetta mál, sem ég hef  
lengi hlustað á hér í þingsalnum, og þá er þess vegna  
þm. hv. þakklátur fyrir að taka þær upp.

E-g geri mér ljóst, að það má segja, að það sé  
ekki föst niðurstaða í mínu tali frekar heldur en  
annarra hv. þm., enda væri það, ef einhver okkar

14

E

hefði fullkomna lausn á þessum vanda, þá þyrftum  
við ekki að vera að þessum bællaleggingum. En ég  
kemst þó ekki hjá þvíx að segja, að þessi viðle~~t~~<sup>er</sup>thi  
okkar til þess að reyna að gera meira en við ráðum  
við á skömmum tíma, og þessi trú, að það sé hægt  
að bæta líffskjörin með hækjun í krónukaupi umfram  
raunverulgg~~e~~<sup>er</sup> gjaldgetu, að þetta eigi mjög verulegan  
þátt í þessu vandamáli, Þó verulegan þátt, að það  
væri fullkomin sjálfsblikking að neita því að þessar  
meinsemdir verður að stöðva til þess að verulegu  
leyti sé hægt að ráða við þennan vanda.

Forskr. sedur

Alrangt er það, sem segir í þál. till. á þingsk. 247 og 248, að þær séu "í meginatriðum sniðnar eftir ályktun hollenska þingsins frá 25. ágúst 1967". Tillögurnar eru þvert á móti í meginatriðum gerólíkar. Þessi munur kemur þegar fram í inngangsorðum tillagnanna á þingsk. 247 og 248 og eru þau að efni og orðfæri öll önnur en í hollensku ályktuninni. Hún lýsir alvarlegum ugg vegna þess, að hernaðaraðgerðir skuli stöðugt breiðast út og vegna "aðferðanna, sem í þeim sé beitt að beggja hálfu". Þessi skýlausa yfirlýsing, sem gerir ekki upp á milli hernaðaraðilanna, er sem sagt alveg feld niður úr tillögunum í þingsk. 247 og 248 og getur þó engum blandast hugur um, að þessi yfirlýsing er eitt meginatriði hollensku ályktunarinnar.

Þá segir 1. tl. tillögunnar á þingsk. 247 og 248 "að ríkisstjórn Bandaríkjanna stöðvi þegar loftárásir á Norður-Vietnam", og í 3. tl. "að stjórn Norður-Vietnams og þjóðfrelnishreyfingin í Suður-Vietnam sýni ótvíræðan vilja af sinni hálfu, þegar lofrárásum linnir, að ganga til samninga og draga svo úr hernaðaraðgerðum, að leiða megi til vopnahlés". Hér er sem sagt ætlazt til þess, að ríkisstjórn Bandaríkjanna hafi einhliða frumkvæði um stöðvun loftáraða og gagnaðilar þurfi þá fyrst að sýna ótvíræðan samningsvilja, þegar loftárásum linnir. Í hollensku ályktuninni er aftur á móti ráðgert, að það verði samhliða skv. 1. tl. "að Bandaríkin stöðvi loftárásir á Norður-Vietnam í því skyni að auka möguleika

til samninga um frið" og að "stjórn Norður-Vietnams og þjóðfrelsishreyfingin sýni af sinni hálfu raunverulegan vilja til samninga".  
Þennan raunverulega samningsvilja er ætlazt til að þessir aðilar sýni áður en loftárásum sé hætt, og þeir eiga að sýna hann til að skil-yrði skapist fyrir, að loftárásum linni. Þetta er ótvírætt af tilvitnuðu orðalagi hollensku ályktunarinnar og verður þó enn skýrara af framhaldinu, niðurlagi 3. tl. hennar, því að fyrirvarinn, sem í þingsk. 247 og 248 er láttinn ná til alls 3. tl., á í hollensku ályktuninni einungis við síðari hluta 3. tl. Í niðurlagi 3. tl. hollensku t.11. segir sem sé "að stjórn Norður-Vietnam og þjóðfrelsishreyfingunni beri að draga úr hernaðaraðgerðum strax og loftárásir hafa verið stöðvaðar, og hafa samvinnu um að koma á vopnahléi".

Loks vantar í till. í þingsk. 247 og 248 tilvitnun í Genf-sáttmálann frá 1924 og er sú ályktun þó vissulega eitt meginatriða hollensku ályktunarinnar.

Sþ. lýsir ugg sínum vegna þess að hernaðaráðgerðir í Vietnam breiðist stöðugt út og vegna aðferðanna, sem í þeim er beitt að beggja hálfu, og telur, að allt mögulegt beri að gera til að leysa deiluna með stjórnmálaráðum í stað hernaðar, og lýsir þess vegna samþykki sínu á því að fulltrúar Íslands á alþjóðavettvangi vinni að því.

1) að Bandaríkin stöðvi loftárásir á

til samninga um frið,

2) að þjóðfrelsishreyfingin taki sem sjálfstæður aðili þátt í athugunum málsins á alþjóðavettvangi,

3) að brýnt sé fyrir stjórn Norður-Vietnam og þjóðfrelsishreyfingunni að sýna af sinni hálfu raunverulegan vilja til samninga og draga úr hernaðaraðgerðum strax og loft-árásir hafa verið stöðvaðar og hafa samvinnu um að koma vopnahléi á.

4) að allir styrjaldar aðilar fallist á Genfarsamkomulagið frá 1954 sem samnings-grundvöll.

Pýðing á ályktun, sem samþykkt var  
af hollenzka þinginu 25. ágúst 1967.

Deildin er uggandi vegnað vaxandi styrjaldar-aðgerða í Vietnam og hernaðaraðferða beggja aðila, og er það skoðun hennar að til hins ítrasta verði að reyna að finna stjórnsmálalega lausn á átökunum í stað hernaðarlausnar og því skorar deildin á ríkisstjórnina að leggja fyrir fulltrúa Íslands á alþjóðavettvangi að stuðla að því,

1. að Bandaríkin hætti loftárásum á Norður-Vietnam í því skyni að auka möguleikana á friðarviðræðum,
2. að þjóðfrelsishreyfingin (National Liberation Front) taki þátt sem sjálf-stæður aðili í hinum alþjóðlegu viðræðum,
3. að stjórn Norður-Vietnam og þjóðfrelsishreyfingin sýni af þeirra hálfu fullan og óskoraðan samningavilja og, að þessir aðilar dragi, strax og loftárásunum hefur verið hætt úr hernaðaraðgerðum sínum og sýni samvinnuvilja í því efni, að vopnahléi verði komiða á
4. að allir aðilar, sem að styrjöld þessari standa, líti á Genfarsamningana frá 1954, sem samningagrundvöll.